

Hinrika ehf.
Laugavegi 176
105 Reykjavík

Reykjavík 8. janúar 2018
UST201712-086/I.M.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvikmyndatöku í Undirhlíðarnámu í Reykjanesfólkvangi

Umhverfisstofnun hefur móttekið umsókn Rannveigar Jónsdóttur, fyrir hönd Hinriku ehf, dagsett 8. desember 2017, um leyfi til kvikmyndatöku í Undirhlíðarnámu innan Reykjanesfólkvangs þriðjudaginn 9. janúar 2018.

Fólkvangurinn á Reykjanesi er friðlýstur, sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir kvikmyndatökum, í Undirhlíðarnámu (63.99758°N 21.89113°W) sem er innan Reykjanesfólkvangs, 9.-10. janúar 2018. Fjöldi starfsfólks verður á bilinu 50-60. Auk tækjabúnaðar til kvikmyndatökunnar verða notaðir tveir stórir trukkar, tveir kassabílar, fimm sendibílar og einn 18 m aðstöðubíll auk nokkurra fólksbíla. Þann 9. janúar verður leikmyndabíl komið fyrir inni í námunni þar sem kveikt verður í honum. Verður bíllinn undirbúinn fyrir brunann á þann hátt að allt verður tekið innan úr honum, þ. á m. sæti og vélar. Í íkveikjuna verða notaðir allt að átta 11 kg Propane gaskútar. Inni í bílnum verða sérstök götuð rör sem hleypa út úr sér gasi þannig að eingöngu gasið brennur inni í bílnum. Notuð verða 8 CO₂ slökkvitæki. Að hámarki verða notaðir 600 lítrar af vatni ef þarf. Til að koma í veg fyrir að efni úr brunanum berist í jarðveginn hefur öllum vökvum verið tappað af bílnum og rafgeymir og sæti verða fjarlægð. Verður brunanum háttáð þannig að dekkin munu ekki brenda, heldur verða logar einungis inni í bílnum. Undir bílinn verða settar 2 stórar blikkplötur (200 L x 150 B). Ekki er gert ráð fyrir að þurfa að hreinsa jarðveg með sértækum aðgerðum þar sem ráðstafanir eru gerðar til að efni fari ekki í jarðveginn. Gert er ráð fyrir að takmarka umferð, annarra en starfsfólks verkefnisins, um svæðið á meðan tökum á brunanum stendur. Þann 10. janúar er gert ráð fyrir að ljúka frágangi eftir verkefnið.

Áhrifamat:

Óheimilt er að kveikja eld á víðavangi þar sem almannahætta getur stafað af eða hætt er gróðri, dýralífi eða mannvirkjum. Skylt er hverjum þeim sem ferðast um að gæta ýtrustu varkárni í meðferð elds og eldunartækja, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 60/2013.

Eins og framkvæmdinni er lýst hér að ofan er ekki talið líklegt að hún hafi neikvæð áhrif á svæðið sé mengunarvörnum fylgt eftir. Framkvæmdin fer fram á áður röskuðu svæði,

þ.e. ófrágenginni námu þar sem gróður er í lágmarki svo ekki er talin hætta á gróðureldum ef slys verða við framkvæmdina.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir, fyrir sitt leyti, leyfi til kvíkmyndatöku innan Reykjanefolkvangs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlegast hafið þetta bréf meðferðis þegar unnið er við kvíkmyndatökuna.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Mat á mengun jarðvegs þarf að fara fram ef slökkvivatn fer í jarðveg og vinna áætlun um úrbætur ef þarf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Gæta skal ýtrustu varkární í meðferð elds og eldunartækja. Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki eftir verkefnið og að vandað verði til frágangs að því loknu.
- Gæta skal að mengunarvörnum og þess gætt að mengandi efni berist ekki í jarðveginn.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Kynna skal fyrir starfsfólki skilyrði þessa leyfis áður en undirbúningur og vinna hefst.

Umhverfisstofnun bendir á að samþykki eiganda/rétthafa námunnar þarf fyrir kvíkmyndatökunum. Sækja þarf um leyfi til Hafnafjarðarbæjar sem og annarra tilskilinna leyfa vegna meðferðar elds á víðavangi.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að rétt sé að hafa samband við Vegagerð og lögreglu vegna tímabundinna lokana vega vegna kvíkmyndatökunnar og við Slökkviliðið vegna brunans.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir leyfi til kvíkmyndagerðar á friðlýstum svæðum er kr. 52.600 kr., sbr. gr. 24 b í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllst



Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri



Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur